



Verulega hægði á neyslu í janúar eftir hátíðirnar en hún þó meiri en fyrir ári síðan

Íslendingar virðast hafa eytt örlítið meiru í janúar í ár en í fyrra. Alls jókst greiðslukortavelta um 2,1% að raunvirði milli ára. Neysla janúarmánaðar var þó lítil í samanburði við fyrri mánuði.

Velta tengd verslunum og þjónustu innanlands nam rúmum 59 mö. kr. í janúar og var 1,4% meiri en í janúar fyrir ári síðan, miðað við fast verðlag samkvæmt gögnum Seðlabanka Íslands. Samsvarandi kortavelta var 76 ma. kr. í desember og neysla janúarmánaðar því nokkuð hófleg í kjölfar hátíðanna. Velta í verslunum innanlands í stökum mánuði hefur ekki mælst minni síðan í febrúar á síðasta ári, en neysla er oft minni í janúar og febrúar en aðra mánuði ársins.


Íslendingar virtust þó duglegri en áður að versla erlendis í upphafi árs og á þetta bæði við um netverslun og verslun í útlöndum. Alls nam greiðslukortavelta erlendis 14,5 mö. kr. í janúar og var 5,2% meiri en fyrir ári síðan miðað við fast gengi. Þetta kemur nokkuð á óvart í ljósi færri utanlandsferða Íslendinga. Samanlagt mældist vegin raunaukning í greiðslukortaveltu 2,1% milli ára í janúar sé litið til veltu í þessum flokkum.¹

Almennt minna verslað í janúar


Í janúar dróst greiðslukortavelta tengd verslunum og þjónustu innanlands saman um 22% frá fyrri mánuði miðað við fast verðlag, en slíkt er eðlilegt eftir jólavertíð. Samdrátturinn nú var þó ögn meiri en á fyrri árum. Í fyrra dróst veltan saman um 20% í janúar frá fyrri mánuði og árið 2018 var samdrátturinn 17%.

Aukningin í veltu í verslunum innanlands var þó talsvert mikil um síðustu jól, eða 19% frá fyrri mánuði samanborið við 16% árið 2018 og 17% árið

Greiðslukortavelta



Greiðslukortavelta í verslunum innanlands



Raunvirt með VNV án húsnæðis.
Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

¹ Innanlands er litið til greiðslukortaveltu í verslun og þjónustu (önnur viðskipti en í banka) en erlendis er litið til allrar kortanotkunar.



2017. Sveiflurnar virðast því hafa verið talsvert meiri núna fyrir og eftir hátíðarnar en oft áður.

Neysla erlendis hlutfallslega mikil

Greiðslukortavelta erlendis jókst milli ára í janúar og hefur haldist nokkuð mikil síðustu mánuði þrátt fyrir færri utanlandsferðir Íslendinga. Á vor- og sumarmánuðum í fyrra mældist samdráttur í mánaðarlegri kortaveltu erlendis milli ára sem átti sér eðlilegar skýringar sökum færri utanlandsferða Íslendinga í kjölfar gjaldþrots WOW air.


Frá því í nóvember hefur aftur á móti mælst aukning í kortaveltu erlendis miðað við sama mánuð árið áður, án þess þó að utanlandsferðum fjölgi. Þvert á móti heldur þeim áfram að fækka. Í janúar mældist samdráttur í brottförum Íslendinga um Leifsstöð upp á 6,2% milli ára, sem er þó minnsti samdráttur sem hefur mælst síðan í mars á síðasta ári. Þetta gæti verið vísbending um að þeir Íslendingar sem fara nú til útlanda eyði umtalsvert meiru en þeir sem fóru til útlanda fyrir ári síðan, eða þá að erlend netverslun hafi aukist.

Mestur samdráttur í eldsneyti og viðhaldi bifreiða

Ef litið er til breytinga á innlendri kortaveltu eftir útgjaldaliðum, sést að kortavelta tengd viðhaldi bifreiða og eldsneytiskaupum dróst hlutfallslega mest saman að raunvirði milli ára í fyrra. Þetta skýrist ef til vill af því að hlutfallslega hefur nýskráning á bifreiðum sem [ganga fyrir vistvænni orkugjöfum aukist](#) og eldsneytiskaup þar af leiðandi dregist saman. Þá hefur kortavelta tengd viðhaldi bifreiða einnig dregist talsvert saman, og það hlutfallslega meira en sem nemur eldsneytiskaupum sem gæti verið vísbending um aukin notkun nýrra bifreiða sem þarfnast minna viðhalds.


Kortavelta tengd menningar-, afþreyingar- og tómstundastarfsemi dróst einnig saman milli ára í fyrra ásamt kortaveltu tengdri ýmissi þjónustu. Velta jókst hins vegar milli ára í verslunum og veitingaþjónustu. Greiðslukortavelta í fataverslunum jókst hlutfallslega mest allra tegunda verslana, alls um 7% að raunvirði milli ára.

Utanlandsferðir Íslendinga og kortavelta erlendis



Greiðslukortavelta erlendis raunvirt með vísitölu meðalgengis.
Heimild: Seðlabanki Íslands, Ferðamálastofa, Hagfræðideild Landsbankans

Breyting í kortaveltu eftir útgjaldaliðum milli 2018-2019



Stærstu útgjaldaliðir greiðslukortaveltu Íslendinga innanlands raunvirtir með VNV án húsnæðis.
Heimild: Rannsóknarsetur verslunarinnar, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.